

Viðmiðunaráætlun fyrir skólaárið 2020 - 2021

8. bekkur

Tímafjöldi á viku: 3 kennslustundir á viku, einn fjórða vetrar

Kennari: Sandra Rebekka

Kennsluaðferðir og skipulag

Nemendur eru í sjónlistum þrjár kennslustundir á viku, einn fjórða vetrar. Lögð er áhersla á sköpunarferlið og að auka verklega færni út frá listasögunni. Nemendur útbúa rafræna ferilbók með það að markmiði að skrásetja og halda utan um ferlið, auka einstaklingsmiðun og sinna reglulegri ígrundun. Þannig má stuðla að aukinni námsvitund nemenda.

Kennsluaðferðin er keimlík hverju sinni. Við upphaf tímabils gera nemendur ferilbók fyrir tímabilið þar sem læra að skrá sig inn í ferilbókaforritið (Padlet), en þeir nemendur sem ekki hafa komið áður í sjónlistir fá aðgang. Síðan aðlaga nemendur ferilbókina að eigin smekk. Verkefnin eru skipulögð út frá listasögunni og þeim tímabilum sem lögð er áhersla á í viðkomandi árgangi. Því hefst hvert verkefni á innlögn sem styðst við bókina *Listasaga - Frá hellalist til 1900*. Í kjölfarið er verkefnið lagt fyrir með frekari kveikju og undirbúningsvinna hefst. Í beinu framhaldi af því æfa nemendur viðkomandi aðferð og prufa sig áfram. Að ferlinu loknu verður síðan til einhvers konar afurð. Á þessu ferli eru tvær umræður. Sú fyrri er að öllu jöfnu á milli kennara og einstaka nemanda þar sem hann kynnir hugmynd sína, ef þannig stendur á má draga fleiri nemendur inn í þessa umræðu. Sú síðari er við lok verkefnis, en þá ræða allir nemendur um verk sín með kennaranum. Þetta ferli er í styttri kantinum með nemendum í 4. bekk og ef til vill verða lögð fyrir fleiri en eitt verkefni áður en farið er í þessar samræður. Í gegnum allt ferlið ígrunda nemendur eigin vinnu og hugsun. Í flestum tilvikum á ígrundunin sér stað við lok hvers tíma.

Megin áhersla er lögð á einstaklingsvinnu en nemendur sækja innblástur og hvatningu í samræður sín á milli. Nemendur geta þó valið að vinna sem þar eða hópur ef þeir vilja. Sum verkefni eru sett upp sérstaklega sem hópverkefni.

Námsgögn eru það margvísleg að ómögulegt er að telja þau upp hér. Hinsvegar er lögð áhersla á endurnýtingu og því fær sá efniviður sem til er að stjórna ferðinni á stundum.

Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í sjónlistum í 8. bekk veturinn 2020 - 2021:

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Heilbrigði og velferð:	Andlegt heilbrigði er ekki síður mikilvægt en líkamlegt en listin tengir saman hug hjarta og hönd. Lögð verður áhersla á mikilvægi fagurfræði og listina sem leið til bættrar andlegrar líðan. Kennari leggur sig fram um að skapa öruggt námsrými þar sem áhersla er lögð á að leyfa sér að gera mistök, prufa sig áfram, efla sig og þroska, án ótta við gagnrýni samnemenda eða kennara.
Jafnrétti:	Listin býr yfir þeim eiginleika að vera öllum aðgengileg. Nemendur munu sjá að öll geta þau skapað og tjáð sig burt séð frá getu, reynslu, menningu, þroska, kyni og svo mætti lengi telja.
Lýðræði og mannréttindi:	Áhersla verður lögð á að nemendur beri virðingu fyrir verkunum, þeirra eigin, sem og annarra. Kennari leggur metnað við að auka rétt nemenda til lýðræðislegrar þátttöku í eigin námi.

Læsi:	Læsi er stór þáttur af því að skapa, meta og njóta lista. Lögð verður rík áhersla á að lesa í eigin verk og annara, ræða um þau og túlka. Mikil áhersla er lögð á tæknilæsi nemenda.
Sjálfbærni:	List má skapa úr hverju sem er og einn helst eiginleiki hennar er að geta gert eitthvað úr engu. Nemendur munu nýta afganga og endurvinnslu eftir bestu getu.
Sköpun:	Auk þess að leggja áherslu á listasögu og tækni/aðferðir, verða nemendur þjálfaðir markvisst í sköpunarferlinu en það er það sem mun nýtast þeim á milli greina. Sköpunarferlið hefur sterka tengingu við nútímasamfélag þar sem lögð er áhersla á nýsköpun og listgreinar eru hvað best fallnar til að þjálfa þetta ferli markvisst.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Listasaga: - List 16. aldar - Barokk - Rókókó og nýklassík - Rómantík Verkefni: - Þrefaldur 1., 2. og 3. stigs litahringur - Náttúruleikning - Sjálfsmynd í tveimur tónum - Rókókó munstur/uppstilling - Landslagsmynd Aðferðir/tækni - Formfræði - Litafræð - Munstur - Teikning - Málun - Grafík	Kennslubókin <i>Listasaga, frá Hellalist til 1900.</i> Sá efniðviður sem þarf til verkefnisins, þ.e.a.s. pappír, blýantar, litir, endurvinnsla, pappi, dagblöð, límband, veggfóðurslím, málning og þess háttar. Þá er iPad notaður reglulega til þess að skrásetja vinnuferlið. Einnig nota nemendur apple penna til þess að teikna upp mynd af fuglinum í upphafi ferlis.	Unnið er út frá eftirfarandi hæfniviðmiðum; <i>Aðferðir:</i> - Ég get beitt þeirri tækni sjónlista og þekkingu sem ég hef tileinkað mér á skapandi hátt og sýnt frumkvæði - Ég get notað fjölbreyttan efnið, verkfæri og miðla á sjálfstæðan hátt í minni sköpun eftir því hvað ég er að fjalla um - Ég þekki, get greint og fjallað um list valinna tímabila (barokk, rókókó, ný-klassík og rómantík) - Ég get borið saman ólíkar aðferðir við listsköpun þessara tímabila <i>Tilgangur:</i> - Ég get sett verkefnin mín í menningarlegt samhengi <i>Ferli:</i> - Ég get unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaverks - Ég get skrásett hugmyndir mínar í ferilbók á fjölbreyttan hátt - Ég get sýnt og útskýrt vinnuferlið <i>Tjáning:</i> - Ég get sagt frá verkunum mínum og notað hugtök sjónlista <i>Umhverfi:</i>	Lögð verður áhersla á að nemendur vinni markvisst að hæfniviðmiðunum og fá þeir þau í hendur við upphaf ferlis og setja í ferilbók. Nemendur meta eigin stöðu í samvinnu við kennara við lok tímabils.

Námsáætlun

		• Ég get gengið vel um sjónlistastofuna og vinnusvæðið mitt og sýnt frumkvæði í góðri umgengni • Ég get skipulagt vinnuna mína út frá umhverfissjónarmiðum	
--	--	--	--

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Matskvarða út frá hæfniviðmiðum hér að ofan.

Form og tíðni námsmats:

Nemendur fá matskvarða í hendur við upphaf tímabils og hafa hann fyrir augum í gegnum allt ferlið. Við lok tímabils meta nemendur eigin stöðu í samvinnu við kennara.